



## Fundargerð nr. 26

## Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Þriðjudagur 15. október 2024
Fundartími:	8:15-9:45
Fundarmenn:	Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Sveinn Orri Einarsson, varamaður fyrir Harald Einarsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Að auki sat Börkur Brynjarsson ráðgjafi fundinn.  
Jón Valgeir Geirsson og Steinn Þórarinsson komu inn á fundinn undir lið 1.

Heimir Bjarkason stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Verktakar í vatnsveitunni

Farið yfir helstu verkefni sem hafa verið í gangi hjá verktökum í vatnsveitunni ásamt umræðum um forgangsröðun á viðhaldi og fjárfestingum.

Rafvirkjar þurfa að klára að tengja ljósleiðara í alla dæluskúra og koma þarf upp stýringum.

Búið er að koma nýrri heimtaug að Stórhólma. Samhliða því var stofnlögn meðfram Gaulverjabæjarvegi frá Hófggerði að Holtstæði löguð. Gera þarf ráð fyrir því að klára stofninn alla leið að Gegnishólum á næstu árum en um 1 km er eftir til að klára það mál. Framkvæmdir við stofn voru um 400 m og svo heimtaugin aukalega.

Nefndin fjallaði um forgangsröðun verkefna og átti samráð um það við verktaka. Eftirfarandi verkefni eru nefnd vegna fjárfestinga í vatnsveitunni á næstu árum:

- Afleggja eldri lögnina með Þjóðvegi 1 og koma upp dæluskúr á nýrri lögnina.  
*Mikið viðhald hefur verið á eldri lögninni og mikið um leka. Sveitarstjóri í samskiptum við landeiganda vegna möguleika á lóð fyrir dæluskúr.*
- Leggja nýja lögn frá Galtastöðum að Gaulverjabæ og færa hana að vegi.  
*Þrjár heimtaugar sem þarf að færa. Stórir lekar gjarnan á lögninni.*
- Saurbær upp í Jaðarkoti  
*Um 20 ár síðan grafið var ofan af þessari lögn og hún fæð ofar. Hefur verið skrári síðan en þarfnast frekari lagfæringar.*
- Styrkja veituna frá Gaulverjabæ og að Loftstæði.  
*Í dag er ein heimæð að Loftstæði sem fæðir alla þá bæi.*
- Ná að klára hringtengingu frá Ragnheiðarstöðum og að Gaulverjabæ.  
*Landið liggur lágt og auðvelt að plægja megnið af lögninni.*
- Lögn frá nýja stofninum að skeiðum og upp að Oddgeirshólum. Lagfæingar frá Brúnastöðum að Oddgeirshólum.
- Frá Grund að Mýrum



*Umræða um forgangsröðun vegna fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu þriggja ára þar á eftir mun fara fram á næsta fundi nefndarinnar.*

## 2. Huldu og Maríuhólar

Börkur heyrir í framkvæmdaaðilum. Vantar kostnaðaráætlun frá þeim til að klára málið, gera samning og kostnaðarskiptinguna. Þarf bara eitt skurðsnið fyrir allar veiturnar sem þarna verða lagðar.

## 3. Önnur mál

### a) Kaldárhöfði

Börkur fór á fund með fulltrúum frá Grímsnes- og Grafningshreppi og Árborg 14. október. Umræður á þeim fundi um mögulega vinnsluholu á næsta ári og skiptingu á kostnaði á milli sveitarfélaganna þriggja vegna borholu.

Sveitarstjóri mun kalla eftir upplýsingum frá fundinum í formi fundargerðar eða minnispunkta. Nefndin bendir á að ef fara á í fjárfestingu í vinnsluholu að þá þurfi að liggja fyrir skuldbinding allra þriggja sveitarfélaganna um þátttöku í verkefninu til enda. Einnig væri hægt að taka stöðuna á Ölfusi um þátttöku í verkefninu. Sveitarstjóri mun heyra í kjörnum fulltrúum hinna sveitarfélaganna um framhaldið.

*Ef samþykkt verður að fara í vinnsluholu þarf að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun næsta árs.*

### b) Brandshús

Börkur skili kostnaðaráætlun vegna fráveitumála í Brandshúsum til sveitarstjóra vegna viðaukagerðar.

**Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 5. nóvember kl. 8:00 í Þingborg.**

*Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra*